

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. mars 2020  
Tilvísun ÞÍ: 2020030876/2.0


**Umsögn Þjóðskrár Íslands um tillögu til þingsályktunar um söfnun upplýsinga um dreifingu starfa, 530. mál**

Þjóðskrá Íslands vísar til umsagnarbeiðnar efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 16. mars sl., um tillögu til þingsályktunar um söfnun upplýsinga um dreifingu starfa, 530. mál. Hér eftir fer umsögn Þjóðskrár Íslands.

Umrædd þingsályktunartillaga snýr að skráningum fyrirtækja og útibúum þeirra sem og hvar starfsmenn verja starfstíma sínum. Slík skráning á líklegast best heima hjá Fyrirtækjaskrá Skattsins.

Hvað varðar þau gögn og upplýsingar sem Þjóðskrá Íslands býr yfir þá bendir Þjóðskrá Íslands á að stofnunin er í nánú samstarfi við Hagstofnuna sem fær aðgang að öllum þeim gögnum úr Þjóðskrá sem stofnuninni eru nauðsynleg starfa sinna vegna. Enn fremur má benda á að upplýsingar um íbúadreifingu hefur verið miðlað frá Þjóðskrá Íslands sem sérvinnslu til einstakra fyrirtækja, stofnanna og ráðuneyta með skilgreinda og skýra þörf á þeim upplýsingum. Þessi gögn hafa hins vegar ekki verið skilgreind sem sérstök vara til miðlunar hjá stofnuninni.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Inga Helga Sveinsdóttir  
lögfræðingur